

Fundur í stjórn UÍA 20.3.2018

Haldinn á skrifstofu, Egilsstöðum.

Mætt: Gunnar Gunnarsson (GG), Benedikt Jónsson (BJ), Auður Vala Gunnarsdóttir (AVG), Þórir Steinn Valgeirsson (PSV), Jósef Auðunn Friðriksson (JAF).

### 1. Síðasta fundargerð

Fundargerð frá 27. febrúar lögð fram og samþykkt.

### 2. Innsend erindi

Skaust. Umsókn í afreks- og fræðslusjóð um þjálfarakostnað. Samþykkt að greiða út 40 þús fyrir þjálfarakostnað.

### 3. Skýrsla skrifstofu

#### a) Álkarlinn

Búið er að gera bréf vegna styrkja þau eru tilbúin í tölvunni. Nýr framkvæmdastjóri þarf bara að setja nafn sitt á þau og senda. Aðalheiður hjá Alcoa hefur staðfest að fyrirtækið styrki Álkarlinn um 300.000 kr.

#### b) Auglýst eftir sumarstarfsmanni

Ekki komu umsóknir í starfið þannig að umsóknarfrestur var lengdur til 23 mars nk. GG og nýr framkvæmdastjóri sjá um að fylgja málinu eftir.

#### c) Sumarhátíð

Tilbúin sýnishorn af bréfum til styrktaraðila komin í möppu Sumarhátíðar þannig að enga stund tekur að senda og tölvupóstur símanúmer og allir tengiliðir.

#### d) Farandþjálfun / Bíll.

Alcoa hefur veitt styrk upp á 300.000 krónur í farandþjálfun og búið að senda reikning. Eins fékkst styrkur frá Íþróttasjóði 16. mars upp á 300.000. Póstur um það er í möppu til upplýsinga.

Ekki búið að senda á félög um farandþjálfun í ár. Í möppu í tölvu eru tilbúin sýnishorn af pósti til félaga.

Enterprise er til í að útvega bíl fyrir sumarið. Margrét er tengilliður. Svarpóstur er í möppu farþjálfunar. Þarf að minna á þegar líður að.

e) *Bólholtsbikar 2018.*

Keppni í gangi ekki vitað hvenær úrslitakeppni mun fara fram.

Greitt hefur verið jafnóðum til dómara vegna þess og kvittanir settar í viðkomandi möppu.

f) *Lottó greiðslur til félaga*

Ekki er búið að greiða út lottó til félaga það þarf að yfirfara það skjal áður en borgað er. Unnur mun fara yfir það skjal sem búið að senda til hennar. Þegar ég byrjaði var þetta mitt fyrsta verk eftir að ég fékk fyrirmæli um að skjal væri í lagi.

g) *Skil á prókúru*

Framkvæmdastóri skilar prókúruumboði til banka á næstkomandi fimmtudag 22. mars skilar inn frá janúar 2018 til 22. mars öllum þeim gögnum eftir að hafa farið yfir allt með Unni bókara.

Stjórn UÍA samþykkir að veita nýjum framkvæmdastjóra Gunnari Gunnarssyni prókúru fyrir félagið. Um leið verði umboð fráfarandi framkvæmdastjóra, Esterar Sigurðardóttur afturkallað. GG falið að afla gagna og ganga frá prókúruskiptunum, auk þess að tryggja að starfsmenn sem hættir eru hjá sambandinu séu ekki lengur með prókúru.

h) *Starfslok*

Vill ég koma fram þakklæti til stjórnar með gott samstarf á liðnu ári.

Sérstakar þakkir til Gunnars formanns sem reynst hefur frábærlega í samstarfi.

Kveðja

Ester Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri UÍA

#### **4. Fjármál/ ársreikningur**

Drög að ársreikningi hafa verið lögð fram. JF, Ester Sigurðardóttir og GG klára ársreikning ásamt bókara.

Drög að fjárhagsáætlun hafa verið lögð fram. Hún rædd og verður kláruð í tölvupósti. Verður send út til aðildafélaga 7. apríl.

#### **5. Þing UÍA**

Þingið verður haldið á Borgarfirði eystra í Fjarðarborg 14. apríl 2018.

Framkvæmdastjóri hefur verið í sambandi við Óttar Mór Kárason, formann UMFB um mótið. UMFB finnur fundarstjóra og fundarritara auk þess að vera í sambandi við heimasveitarfélagið um stuðning við þinghaldið.

Heiðranir og starfsmerki: Stjórn samþykkir tilnefningar að starfsmerkjum til UMFÍ og ÍSÍ. GG falið að koma þeim áfram ásamt framkvæmdastjóra. Starfsmerki verði rædd við UMFB.

Þrjú félög tilnefndu íþróttamenn. Rætt um að nýta heimild sem stjórn UÍA hefur til að bæta við tilnefningum. Samþykkt að gera það og kjósa í gegnum tölvupóst. Búið er að gera ráðstafanir til að tryggja að farandbikarinn verði tilbúinn og eignabikar verið pantaður.

Framkvæmdastjóri hefur tekið saman verkferla fyrir þingundirbúninginn.

## **6. Önnur mál**

Stefnt á fund 5. apríl klukkan 20:00 til að klára þingundirbúning.

Fundi slitið 22:31

BJ ritaði fundargerð